

Ed.

283. Nefndarálit

[176. mál]

um frv. til laga um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til að auka verulega fyrirframinnheimtu opinberra gjalda frá því, sem nú er, og er sú aukning rökstudd með nauðsyn sveitarfélaga og hagsmunum gjaldenda á tímum örra kaupgjaldsbreytinga. Metur meiri hl. nm. þessar röksemdir fullnægjandi fyrir fylgi sitt við málið. Undirritaður telur hins vegar, að frv. sé andstætt hagsmunum almennra gjaldenda, bæði launþega og atvinnurekenda, og telur ekki, að hér sé um svo brýna nauðsyn sveitarfélaga að ræða, að hún réttlæti samþykkt þess. Flestum mun auðsætt, að meiri hluti almennra gjaldenda á auðveldara með greiðslu gjalda á síðari helmingi árs, og koma þar til atvinnuhættir, sem stuðla að aukinni almennri tekjuöflun á þeim árshelmingi. Er mönnum það því til beins óhagræðis að auka gjaldheimtu hins opinbera á fyrri hluta árs. „Á tímum örra kauphækkana“ er og auðsætt, að tekjur verða að jafnaði talsvert meiri síðari hluta árs. Einnig má gera ráð fyrir, að atvinnurekendur eigi almennt hægara með greiðslur á þeim árstíma, og alla vega eykur það lánsfjárbörf fyrirtækja, ef greiðslur gjalda falla í vaxandi mæli á fyrra árshelming.

Ekki skal fyrir það synja, að sveitarfélögum sé hagræði að aukinni fyrirframgreiðslu gjalda. En rétt er þó að hafa þar í huga, að undanfarin ár hefur niðög verið hert að gjaldheimtu þeirra, m. a. með ákvæðum um full skil helmings gjalda fyrir 31. júlí sem skilyrði fyrir frádrætti útsvara við álagningu næsta árs. Sýnist og, að ekki sé unnt að skoða mál þetta einhliða frá viðhorfi gjaldheimtumanna sveitarfélaganna, heldur verði ekki síður að líta á málið frá sjónarmiði gjaldenda, hvort sem um er að ræða atvinnurekendur eða launþega.

Með tilliti til framanritaðs legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 17. des. 1970.

Björn Jónsson.